

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Selfossi, 18. desember 2024  
UST202412-005/K.B.B.  
10.05.00

## Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matskyldufyrirspurn - Þorlákshafnarlína 2

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst 27. nóvember 2024 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um það hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

### Framkvæmdarlýsing

Framkvæmdin felst í að leggja 132 kV jarðstreng, Þorlákshafnarlínu 2, milli tengivirkisins í Hveragerði og tengivirkis við Þorlákshöfn, u.þ.b. 21 km leið. Jarðstrengurinn mun fylgja sem mest vegum og slóðum sem fyrir eru á svæðinu. Vinnuslóði verður gerður meðfram strengleiðinni þar sem þörf er á en þess utan verður slóðagerð haldið í lágmarki. Heildarflatarmál rasksvæðis umhverfis strenginn verður um 21 ha. Framkvæmdin er komin til vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar í Þorlákshöfn, bæði á hafnarsvæði og í landeldi og annarri starfsemi á skilgreindu iðnaðarsvæði meðfram Suðurstrandarvegi vestur af Þorlákshöfn. Í núverandi kerfi er Þorlákshöfn tvítengd með tveimur 66 kV tengingum, Selfosslínu 3 og Þorlákshafnarlínu 1, en fyrirséð er að álagsaukningu verði ekki annað með núverandi línum.

### Vistgerðir og fuglalíf

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands eru innan framkvæmdasvæðisins m.a. vistgerðirnar snarrótarvist og lyngmóavist á láglandi og víðikjarrvist sem er með hátt og mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Þá þekja votlendisvistgerðir 1,3% af heildarrasksvæðinu.

Fram kemur í greinargerð að lögð er rík áhersla á að lágmarka allt yfirborðsrask á framkvæmdasvæðum og endurnýta eins og kostur er núverandi gróður og jarðveg við yfirborðsfrágang. Gert er ráð fyrir að endurnýta svarðlag ofan af skurði eins og hægt er en annars er sáð í skurðsár þar sem land er gróið með tegundum í samræmi við núverandi gróður. Í öllum tilfellum, óháð jarðvegi, skal leitast við að endurnýta viðkomandi gróðurþekju. Á þeim

svæðum þar sem endurnýta á gróðurþekju skal einnig endurnýta undirliggjandi jarðveg (20 cm) sem inniheldur rætur og fræ staðargróðurs.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að frágangur við strenglögna sé vandaður og farið verði í viðeigandi mótvægisáðgerðir eins og að þétta skurði þar sem strengirnir fara í gegnum landsvæði með vistgerðir með hátt verndargildi. Stofnunin áréttar að á þeim svæðum þar sem ekki er hægt að forðast rask á vistgerðum með verndargildi er góður frágangur rasksvæða og fullnægjandi mótvægisáðgerðir forsendur þess að umhverfisáhrif framkvæmdar verði ekki umtalsverð.

Umhverfisstofnun bendir á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun.

Framkvæmdasvæðið er auk þess nær allt innan mikilvægs fuglaverndarsvæðis Suðurlandsundirlendis. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að framkvæmdin fari fram utan varptíma til þess að lágmarka rask á fuglalífi.<sup>1</sup>

Umhverfisstofnun telur að í ljósi þeirra mótvægisáðgerða sem framkvæmdaraðilar hyggjast framkvæma muni áhrif framkvæmdarinnar á vistgerðir og fuglalíf valda tímabundnum neikvæðum áhrifum á vistgerðir og fuglalíf sem séu að mestu afturkræf. Umhverfisstofnun telur umhverfisáhrifin vera óveruleg.

## Hraun

Í framkvæmdarlýsingu kemur fram að strengurinn muni liggja meðfram Þorlákshafnarvegi og Suðurstandarvegi á um 14,5 km kafla í gegnum eldhraun frá nútíma sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Alls muni 14,5 ha af hrauni raskast við framkvæmdina miðað við 10 m raskbelti.

Í 61. gr. náttúruverndarlaganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað verði nánar um hraunið og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask á því sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun bendir á að ef framkvæmdin gerir ráð fyrir röskun á svæðum sem njóta verndar þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum fyrir því að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu á því hvar jarðstrengurinn liggur, séu verndargildi svæðanna metin og m.a. tekið tillit til verndarsvæða. Við

---

<sup>1</sup> <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/sudurlandsundirlendi>

valkostagreiningu ætti að meta vægi áhrifaþátta eins og umhverfisáhrif af framkvæmdinni, hagkvæmni og almannahagsmunum.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmunum af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal lítið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Fyrirhuguð strengleið liggur um nútímahraun sem nýtur sérstakrar verndar á 14,5 km kafla. Þegar mögulegar leiðir fyrir lagningu línunnar eru skoðaðir sést að óhjákvæmilegt er að hrauni verði raskað við lagningu hennar. Svæðið umhverfis Þorlákshöfn er til að mynda nær eingöngu á nútímahrauni sem nýtur verndar. Sú valkostagreining sem Landsnet leggur upp með að nota, strengleið D, fylgir því mannvirkjabelti sem fyrir er á leið sinni og þegar röskuðum svæðum.

Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að reynt verði eins og kostur er að leggja strengi við núverandi vegi þar sem lagning jarðstrengja í hraun getur haft verulega neikvæð áhrif í för með sér. Þar sem strengurinn fer í gegnum Orustuhólshraun og nærliggjandi hraunsvæði norðaustan við Ytri Þurá telur stofnunin mikilvægt að strengurinn sé lagður í lausari jarðlög eins og hægt er og að ekki sé farið í gegnum hraunklappir sé það mögulegt.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að fylgt verði því mannvirkjabelti sem fyrir er á svæðinu, hins vegar er ljóst að framkvæmdinni muni fylgja röskun á hraunsvæðum. Umhverfisstofnun telur að lagning vegarins í hraunið hafi talsvert neikvæð umhverfisáhrif í för með sér á þeim svæðum þar sem er óraskað hraun er fyrir. Röskun á hrauni er að stærstu leyti varanleg og óafturkræf.

### **Verndarsvæði**

Fyrirhugað framkvæmdasvæði mun liggja að hluta um svæðið Varmá og Ölfusforir sem er flokkað sem aðrar mikilvægar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Svæðið er nr. 751 en um það segir í náttúruminjaskrá:

751. Varmá og Ölfusforir, Ölfushreppi, Grafningshreppi, Árnassýslu. (1) Varmá frá upptökum ásamt Ölfusforum. Mörk svæðisins að vestan fylgja túnjöðrum frá Varmá

að Hrauni ásamt Þurárhrauni. Að austan frá Varmá að Gljúfurá og suður með túnjöðrum að Ölfusá ásamt Arnarbæliseyjum, þaðan í vestur að Hrauni. (2) Ölfusforir eru víðáttumiklar, blautar engjar með miklu og fjölskrúðugu fuglalífi. Varmá hefur mikið vísindalegt gildi.

Þá njóta Ölfusforir einnig sérstakrar verndar sem flæðamýrar eða votlendissvæði samkvæmt a. liðar 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Fram kemur í framkvæmdarlýsingu að strengurinn þverar Varmá við tengivirki Landsnets hjá Hveragerði, strengurinn liggja frá tengivirkinu sem stendur innan svæðisins og um 200 metra leið að mörkum þess. Þá liggja nokkrir hverir og heitar uppsprettur í grennd við jarðstrengsleiðina og njóta þeir einnig verndar samkvæmt b. lið 2. mgr. 61 gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að við framkvæmdina verði gætt að verndarsvæðinu og að skerða ekki verndargildi svæðisins. Mikilvægt er að fram komi áhrif tillögunnar á ásjón svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

### Áhrif á vatn

Í kafla 4.2 í greinargerð er fjallað um vatnafar og vatnshlot. Þar kemur fram að á áhrifasvæði framkvæmdarinnar eru sex grunnvatnshlot og þrjú straumvatnshlot. Í töflu 4.3 eru þau listuð upp auk umhverfismarkmiða, ástands þeirra og tekið fram hvort álag sé skráð á vatnshlotin samkvæmt [Vatnavefsíjanni](#). Umhverfisstofnun bendir á að umhverfismarkmið fyrir Ölfusstraum Forir eru að hafa góða magnstöðu og vera í góðu efnafræðilegu ástandi líkt og umhverfismarkmið hinna grunnvatnshlotanna.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrir allar framkvæmdir sem geta haft áhrif á vatn (t.d. þveranir yfir ár) þarf framkvæmdaraðili að meta umfang áhrifanna á vatnshlot og þarf slíkt áhrifamat að fylgja með leyfisumsóknum. Mikilvægt er að áhrifamatið sé gert eins snemma í undirbúningsferli framkvæmda og hægt er. Umhverfisstofnun hefur gefið út [leiðbeiningar um gerð áhrifamats fyrir vatnshlot](#) en í þeim er farið yfir þrjú skref áhrifamats og þá gæðapætti sem þarf að skoða fyrir hverja tegund vatnshlota.

### Efnistaka

Fram kemur í greinargerð að áætluð efnispörf af strengjasandi verði um 10.450 rúmmetrar fyrir allt verkið. Fam kemur að efnistaka komi úr námum sem eru í rekstri í grennd við framkvæmasvæðið.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að efni sé sótt í námur í grennd við framkvæmdasvæðið, hins vegar kemur ekki fram úr hvaða námum efnið verði tekið. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar námur falli vel að umhverfinu eins og kostur er, hugað sé að ásjón námusvæðanna og fjallað sé um frágang þeirra. Þessu tengt bendir Umhverfisstofnun á vefsíðuna [www.namur.is](http://www.namur.is) þar sem finna má upplýsingar um frágang efnistökusvæða.

### Slóðagerð

Fram kemur í greinargerð að almennt verði reynt að lágmarka slóðagerð með því að nýta fyrirliggjandi slóða og vegi. Þar sem dreifa þarf álagi er hægt að nota aksturplötur. Fram kemur að slóðir verða fjarlægðar að lokinni lagningu strengsins og gengið verður frá þannig að ummerki verði sem minnst.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að leitað sé leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar og lágmarka slóðagerð. Skoða mætti þann möguleika að framkvæmdir fari fram á frosinni jörð og með þeim hætti sé dregið úr þörf fyrir slóðagerð þar sem fara þarf um votlendi.

Í ljósi þeirra mótvægisáðgerða sem fram koma í greinargerð telur Umhverfisstofnun að slóðagerð muni ekki koma til með að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

### **Bakkagróður**

Í greinargerð kemur fram að við framkvæmdina verði strengurinn grafinn niður í árbotn eða boraður undir ána Þurá.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. náttúruvendarlaga nr. 60/2013 skal við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að við framkvæmdir við Þurá verði hugað að vernd bakkagróðurs og bökkum árinna verði ekki raskað.

### **Landslag og ásýnd**

Umhverfisstofnun telur að með því að halda raski í lágmarki og með vönduðum frágangi ættu áhrif á ásýnd að vera óveruleg.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að ef loftlínan Þorlákshafnarlína eldri verði ekki nýtt lengur eftir lagningu Þorlákshafnarlínu 2 ætti að fjarlægja loftlínuna þar sem hún hefur neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins.

### **Valkostagreining**

Landsnet skoðar fimm valkosti við lagningu strengsins. Greinargerðin gengur út frá því að ráðist verði í valkost D, mun stengurinn þá liggja meðfram vegum að stærstum hluta, ásamt því að þvera tún og skurði. Frá Hveragerði að Þorlákshafnarvegi er farið um iðnaðar- og athafnasvæði skv. aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029. Landsnet telur að þessi valkostur valdi minni umhverfisáhrifum en aðrir valkostir þar sem hann fer um svæði sem einkennist af mannvirkjagerð.

Strengleið D hefur m.a. verið valin með tilliti til þess að draga sem mest úr því að framkvæmdin sé innan verndaðra svæða. Strengleiðin er innan mannvirkjabeltis þar sem hún fylgir vegum, öðrum veituvinnviðum og ræktarlandi.

Umhverfisstofnun er smamála því mati framkvæmdaraðila að velja valkost D. Aðrir valkostir munu hafa meiri umhverfisáhrif.

### **Tengsl við aðrar áætlanir**

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að ekki er vísað í vatnaáætlun í kafla 6 þar sem fjallað er um tengsl við aðrar áætlanir.

### **Samlegðaráhrif**

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að Vegagerðin áformar framkvæmdir við Þorlákshafnarveg og gætu framkvæmdirnar mögulega haft í för með sér samlegðaráhrif.

### **Umhverfisáhrif/samantekt**

Þar sem svæði við fyrirhugaða strengleið eru nú þegar að stærstum hluta röskuð vegna framræslu votlendis, landbúnaðar og vegagerðar eru áhrif af völdum rasks vegna strengsins metin óveruleg. Við framkvæmdina raskast þó á köflum hraunsvæði sem njóta sérstakrar verndar. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin eins og hún er sett fram í greinargerð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð umhverfismati.

Virðingarfyllst,

Kristín Björk Birgisdóttir  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*